



Fundargerð sjötta ársfundar Þekkingarseturs Suðurnesja

Fundur var haldinn föstudaginn 18. maí 2018 kl. 16:00 að Garðvegi 1, Sandgerði.

Dagskrá fundarins:

1. Kosning fundarstjóra og ritara

Fríða Stefánsdóttir, stjórnarformaður Þekkingarseturs Suðurnesja, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hún lagði til að Björk Guðjónsdóttir tæki að sér fundarstjórn og að Hanna María Kristjánsdóttir yrði skipuð ritari. Samþykkti fundurinn það einróma. Björk tók því næst við sem fundarstjóri.

2. Skýrsla stjórnar

Fríða Stefánsdóttir, stjórnarformaður, fór yfir skýrslu stjórnar fyrir árið 2017. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu Þekkingarsetursins: <http://thekkingarsetur.is/thekkingarsetur-sudurnesja/skiol/>

3. Ársreikningur ársins 2017

Lilja Dögg Karlsdóttir, endurskoðandi hjá KPMG, kynnti endurskoðaðan ársreikning Þekkingarsetursins fyrir árið 2017 sem stjórn hafði áður samþykkt einróma. Hagnaður varð af rekstri setursins á árinu að fjárhæð 2,6 milljónir sem kom til vegna góðrar nýtingar á blautrýmum setursins og styrkjum. Í ár er aftur gert ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Fjármunir setursins eru engu að síður takmarkaðir og má lítið út af bregða miðað við núverandi framlög, enda innkoma setursins háð utanaðkomandi þáttum eins og ríkisframlögum til rannsókna og styrkveitingum ýmiskonar. Ársreikningurinn er aðgengilegur á heimasíðu Þekkingarsetursins.

4. Starfsáætlun ársins 2018

Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja fjallaði um starfsáætlun setursins fyrir árið 2018. Áætlunin er aðgengileg á heimasíðu Þekkingarsetursins.

5. Nýjar tegundir við Suðvesturland – ógn eða tækifæri?

Dr. Sindri Gíslason, forstöðumaður Náttúrustofu Suðvesturlands, kynnti starfsemi stofunnar og rannsóknir þeirra á nýjum tegundum eins og grjótkrabba, giphvelju og glærmöttli, við Suðvesturland.

6. Effect of tide simulation on the chemical composition of tank cultivated *Laminaria hyperborea* (stórþari)

Daniel Coaten, doktorsnemi við Háskóla Íslands og stjórnarmaður hjá Þekkingarsetri Suðurnesja, kynnti doktorsrannsókn sína þar sem áhrif sjávarfalla á efnasamsetningu stórþara sem ræktaður er í landeldi eru könnuð. Rannsóknin er að hluta unnin í einu af blautrymum Þekkingarsetursins.

7. Önnur mál

Engin önnur mál en Ólafur Jón Arnbjörnsson, skólastjóri Fisktækniskólans og framkvæmdastjóri GeoCamp Iceland tók til máls og lýsti yfir ánægju sinni með starfsemi Þekkingarsetursins, sér í lagi líffræðingana sem þar starfa, sem tekið hafa á móti mörgum nemendahópum á hans vegum og staðið sig frábærlega.

Fundi var slitið kl. 17:15.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

Daniel Coaten - Sign

Halldór Pálmar Halldórsson - Sign

Björk Guðjónsdóttir - Sign

Hanna María Kristjánsdóttir - Sign

Fríða Stefánsdóttir - Sign

Þorvaldur Örn Árnason - Sign